

REGLUGERÐ**um einkaleyfisgjöld.**

1. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	1 600,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	6 000,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	12 000,00

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 12 1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1983.

Þaðarráðuneytið, 28. desember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.Gunnar Guttormsson.**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 553 2. september 1982 um breyting á henni.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	Kr/1,0 l.
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	65,00
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperítivar	80,00
3. Íslenskar áfengistegundir	265,00
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	325,00
B. Tóbak:	kr.
1. Reyktóbak	160,00 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	205,00 pr. 200 stk.
3. Smávindlar	25,00 pr. 10 stk.
Meðalstærð	110,00 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	145,00 pr. 25 stk.

Endurprentað blað.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 553/1982.

Fjármálaráðuneytið, 17. desember 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmálefna Ólafsvíkurhrepps.

I. KAFLI

Um skipun hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps skal skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Hreppsnefnd er almennt í fyrirsvari fyrir Ólafsvíkurhrepp og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins, til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

- a. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.
 - 1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar hvert ár gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
 - 2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins og/eða hreppsstofnana eða með annarri ákvörðun hreppsins. Ennfremur að eignir hreppsins séu tryggilega varðveittar.
 - 3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga hreppsins eigi síðar en 31. mars ár hvert.